



UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR

STOFNAÐ 26 APRÍL 1912

Fundur var haldinn að Digranesgötu 2 þann 27. ágúst kl.17:00.

Mætt voru: Guðrún Hildur Þórðardóttir, Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir, Svala Svavarsdóttir, Kristján Jóhannes Pétursson og Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir.

1. Sambandsstjóri setti fundinn kl.17:09
2. Unglingalandsmót UMFÍ 2024 – farið var yfir hvernig til tókst. Almennt mikil ánægja með mótið sem tókst vel til þrátt fyrir að útlitið hafi verið tvísýnt á tímabili með tjaldsvæðið. Lokauppgjör fyrir mótið er áætlað að fari fram 1. nóvember.
3. Rætt var um og samþykkt að senda þakkir til Borgarbyggðar og UMFÍ fyrir samstarfið við Unglingalandsmót UMFÍ 2024 sem var afar gott.
4. Rætt var um og samþykkt að senda ályktun frá stjórn UMSB þar sem Borgarbyggð er hvatt til að viðhalda tjaldsvæðinu á Kárastöðum svo hægt verði að halda fleiri unglíngalandsmót í framtíðinni án mikils tilkostnaðar. Það mun einnig nýtast fleirum, t.d. fyrir hestamannamót o.s.frv.
5. Framkvæmdastjóri fór yfir þau verkefni sem eru í gangi og liggja fyrir, s.s.
 - Fundur með svæðisfulltrúum Vesturlands.
 - Starfsstyrkir
 - Lottó

Skoða iðkendafjölda hjá HMF Borgfirðingi og Golfklúbbi Borgarness. Einnig aðkomu Borgarbyggðar að rekstri reiðhallarinnar.

Samþykkt að kalla formenn þessara félaga á fund með stjórn og ræða hvernig þeir sjá fyrir sér útfærslu á skráningu iðkenda. Samþykkt var á sambandsþingi UMSB að til að eiga rétt á styrkjum þarf að nota Abler skráningarkerfið, því þarf að finna flöt á því hvernig þessi félög skilgreina og skrá sína iðkendur.

 - Klára þarf afnotasamning um Þorsteinsgötu – kalla formenn/framkvæmdastjóra á fund með stjórn og klára sem fyrst.
 - Klára þarf að uppfæra fyrirmyndarhandbók til að endurnýja fyrirmyndarhéraðsstimpilinn – rætt um að halda vinnudag stjórnar þar sem færi gefst á að setja yfir handbókina í sameiningu og uppfæra það sem þarf.

- Það þarf að halda áfram viðræðum um nýjan samning við Borgarbyggð – samþykkt að fara yfir hann á vinnudeginum auk þess að setja saman samninganefnd með aðilum frá aðildarfélögum eins og rætt var á formannafundinum í voru.
- Formannafundur – finna stað – og dagsetningu – heyra í Dagrenningu – finna fundartíma í október á milli 5. – 26. október.

6. DK bókhaldskerfi

Svala gjaldkeri fór yfir tilboð DK. Stjórn samþykkir að UMSB fari í vistun hjá DK bókhaldskerfinu og gjaldkeri UMSB muni sjá um að skanna reikninga í bókhaldskerfið ásamt því að sjá um launakeyrslur. Er markmiðið með því að lækka bókhaldskostnað sambandsins.

7. Sumarfrí framkvæmdastjóra, hver tekur hvaða bolta?

Sambandsstjóri tekur við erindum

Svala fylgist með heimabanka

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá

Fundi slitið kl.19:50